Ályktun um sameiginlega skólaþjónustu

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 27. og 28. október 2026, leggur til að hafin verði vinna við greiningu á þörfum fyrir sameiginlega skóla- og stoðþjónustu á Vestfjörðum í samræmi við Menntastefnu Vestfjarða. Þingið telur að skilaboð Menntaþings Vestfjarða hafi verið skýr, að eindreginn vilji sé fyrir slíku samstarfi og felur því stjórn Fjórðungssambandsins ásamt verkefnastjóra Farsældarráðs Vestfjarða að koma á fót starfshópi með aðkomu fagaðila á svæðinu um greiningu á sameiginlegri skóla- og stoðþjónustu svo hægt verði að vinna tillögu að fyrirkomulagi eigi síðar en á 72. Fjórðungsþingi að vori. Starfshópurinn myndi sjá um kostnaðargreiningu, mat á áhrifum á hvert sveitarfélag og fyrirkomulag samstarfsins.

Greinagerð:

Í skólaþjónustu felst heildstæður og faglegur stuðningur við nemendur, foreldra, kennara og skólastjórnendur í þeim tilgangi að efla velferð, námsframvindu og inngildingu í skólastarfi. Hlutverk þjónustunnar er meðal annars að veita:

- Skipulag um snemmtækan stuðning og forvarnir
- Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf umfram hefðbundna stoðþjónustu skólanna.
- Faglegan stuðning við skólasamfélagið, t.d. innleiðingar og innra mat.
- Samþætting og samstarf skólasamfélagsins á Vestfjörðum

Á 70. Fjórðungsþingi að hausti 2025 var samþykkt tillaga um aukið samstarf í fræðslumálum á Vestfjörðum. Í kjölfarið var haldið Menntaþing Vestfjarða þar sem komu saman allir þeir sem koma að menntamálum á einn eða annan hátt á Vestfjörðum. Þar komu ítrekað fram hugmyndir um skólaþjónustu og fjallað var um mikilvægi þess að nýta betur sérfræðiþekkingu á svæðinu. Í Menntastefnu Vestfjarða 2023-2040 er enn fremur hvatt til samstarfs um stoðþjónustu og þjónustukaup þvert á skóla en skólaþjónusta getur dregið töluvert úr þörf fyrir aðkeypta þjónustu skólanna.

Breytingar á menntastefnu stjórnvalda setja auknar kröfur á herðar sveitarfélaga um heildstæða, inngildandi og snemmtæka skólaþjónustu. Þar er mikil áhersla lögð á að tryggja jafnan aðgang allra nemenda að sérfræðiþjónustu og að skólaþjónusta sé í virku samstarfi við félags- og heilbrigðisþjónustu.

Vestfirsk sveitarfélög reka fjölbreytta leik-, grunn- og tónlistarskóla en margar þessara eininga eru smáar, sem getur reynst áskorun í rekstri og mönnun sérfræðiþjónustu. Með því að færa þjónustu og stefnumótun í ríkara mæli á sameiginlegan grundvöll má auka hagkvæmni í rekstri skólaþjónustu á sama tíma og við bætum þjónustuna.

Með samstarfinu má:

- Tryggja það að öll sveitarfélög á Vestfjörðum geti uppfyllt kröfur ríkisins um inngildandi menntun og snemmtækan stuðning.
- Efla faglegt bakland og stuðning við kennara í daglegu starfi.
- Jafna stöðu nemenda á Vestfjörðum með það að markmiði að Vestfirðir í heild verði í fremstu röð í menntamálum.
- Nýta mannauðinn og fjármuni betur.

Það er mikilvægt að teknar séu skýrar ákvarðanir þannig að hægt sé að hefja þessa vinnu sem fyrst. Einnig er mikilvægt að vanda til kostnaðargreiningar bæði á núverandi kerfi og þessum breytingum.